

I. EES-STOFNANIR**1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin**

94/EES/36/01 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/94 frá 12. ágúst 1994 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins 01

94/EES/36/02 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/94 frá 12. ágúst 1994 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins 03

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**4. Ráðgjafarnefnd EES**

94/EES/36/03 Ályktun frá 21. júní 1994 um almenna stefnumótun í efnahagsmálum (Vöxtur, samkeppnishæfni og atvinna) 05

II EFTA-STOFNANIR**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna****2. Eftirlitsstofnun EFTA****3. EFTA-dómstóllinn****III EB-STOFNANIR****1. Ráðið****2. Framkvæmdastjórnin**

94/EES/36/04 Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.497 - Matra Marconi Space / Satcomms) 08

94/EES/36/05 Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi mál nr. IV/34.252 - Philips - Osram 09

94/EES/36/06	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.445 - BSN/Euralim)	09
94/EES/36/07	Ákvörðun nr. 154 frá 8. febrúar 1994 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 301, E 302, E 303).....	09
94/EES/36/08	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans - Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum	10
94/EES/36/09	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. september 1994 um ákveðnar verndarráðstafanir varðandi fiskafurðir og tvískelja lindýr sem upprunnin eru eða koma frá Albaníu	10
94/EES/36/10	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. september 1994 um að gera ráðstafanir vegna innflutnings á ávöxtum og grænmeti sem upprunnið er eða sent frá Albaníu	10
94/EES/36/11	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 5.9. til 16.9. 1994	11
94/EES/36/12	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.504 -Avesta (III)).....	12

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

Sameiginlega EES-nefndin

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

94/EES/36/01

nr. 10/94

frá 12. ágúst 1994

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

Með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 1. gr. bókunar 31 við samninginn er mælt fyrir um samvinnu á sviði rannsókna og tækniþróunar að því er varðar framkvæmd þriðju rammaáætlunar bandalagsins (1990-1994)⁽¹⁾ með einstökum áætlunum þess.

Rétt er að færa þessa samvinnu út þannig að hún taki til framkvæmdar fjórðu rammaáætlunar bandalagsins (1994-1998)⁽²⁾ með einstökum áætlunum þess.

Því ber að breyta bókun 31 til að gera ráð fyrir þessari útfærðu samvinnu frá þeim degi þegar frammannefnd fjórða rammaáætlun var samþykkt.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað 1. gr. bókunar 31 við samninginn:

„1. gr.

Rannsóknir og tækniþróun

„1. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1994 taka þátt í framkvæmd rammaáætlunar um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar sem um getur í 5. mgr. með þátttöku í einstökum áætlunum.

2. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirrar starfsemi sem um getur í 5. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.

(¹) Stjtuð. EB nr. L 117, 8.5.1990, bls. 28.

(²) Stjtuð. EB nr. L 126, 18.5.1994, bls. 1.

3. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í öllum nefndum EB sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun, mótun og framkvæmd starfseminnar sem um getur í 5. mgr.

4. Vegna hinnar sérstöku samvinnu sem fyrirhuguð er á sviði rannsókna og tækniþróunar skulu fulltrúar EFTA-ríkjanna að auki eiga hlut að nefnd um vísinda- og tæknirannsóknir (CREST) og öðrum nefndum EB sem framkvæmdastjórn EB hefur samráð við á þessu sviði, að því leyti sem slíkt er nauðsynlegt til að tryggja góða samvinnu.

5. Eftirfarandi gerðir bandalagsins svo og gerðir sem af þeim leiðir falla undir þessa grein:

- **390 D 0221:** Ákvörðun ráðsins 90/221/EBE/KBE frá 23. apríl 1990 um rammaáætlun um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar (1990 til 1994) (Stjtuð. EB nr. L 117, 8.5. 1990, bls. 28).

- **394 D 1110:** Ákvörðun Evrópubingsins og ráðsins nr. 1110/94/EB frá 26. apríl 1994 um fjórðu rammaáætlun um starfsemi Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna (1994 til 1998) (Stjtuð. EB nr. L 126, 18.5.94, bls. 1).

6. Mat og veruleg stefnubreyting hvað varðar starfsemi sem tengist rammaáætlun um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar sem um getur í 5. mgr. skal fara fram með þeim hætti sem um getur í 3. mgr. 79. gr. samningsins.

7. Samningurinn skal gilda með fyrirvara annars vegar um tvíhliða samvinnu innan rammaáætlunar um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar (1987-1991) og hins vegar um tvíhliða rammasamninga um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna, að því leyti sem þeir varða samvinnu sem fellur ekki undir samninginn.⁽¹⁾

(¹) **387 D 0516:** Ákvörðun ráðsins 87/516/KBE/EBE frá 28. september 1987 (Stjtuð. EB nr. L 302, 24.10.1987, bls.1.)“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. nóvember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. ágúst 1994

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**94/EES/36/02****nr. 11/94
frá 12. ágúst 1994****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

Með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 2. mgr. 3. gr. bókunar 31 er kveðið á um að nauðsynlegt sé að taka ákvarðanir eins fljótt og unnt er eftir gildistöku samningsins til að tryggja þátttöku EFTA-ríkjanna í Umhverfismálastofnun Evrópu.

Því ber að breyta bókun 31 til að gera ráð fyrir fullri þátttöku EFTA-ríkjanna í Umhverfismálastofnun Evrópu og evrópska upplýsinga- og eftirlitskerfinu um umhverfismál sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90⁽¹⁾ frá 1. júlí 1994.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 3. gr. í bókun 31 við samninginn:

- „2. a) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í Umhverfismálastofnun Evrópu, hér á eftir nefnd stofnunin, og evrópska upplýsinga- og eftirlitskerfinu um umhverfismál, eins og sett er fram í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90^(*).
- b) EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirrar starfsemi sem um getur í a-lið í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. og bókun 32 í samningnum.
- c) EFTA-ríkin skulu, sakir b-liðar, taka fullan þátt í stjórn stofnunarinnar án þess að hafa atkvæðisrétt og vera í tengslum við starfsemi vísindanefndar stofnunarinnar. Þetta skal ekki hafa áhrif á niðurstöðu viðræðna síðar um að veita slíkan atkvæðisrétt.
- d) EFTA-ríkin skulu innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun 11/94 frá 12. ágúst 1994 tók gildi tilkynna stofnuninni um helstu þætti innlendra upplýsingakerfa þeirra svo sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. í reglugerð (EBE) nr. 1210/90.

- e) EFTA-ríkjum er meðal annars heimilt að tilnefna sérstaka „landsmiðstöð“ úr röðum stofnananna sem um getur í d-lið eða annarra samtaka sem starfa á landsvæði þeirra, til að samhæfa og/eða senda upplýsingar frá öllu landinu til stofnunarinnar og til stofnana eða aðila sem eru hluti af kerfinu, að meðtöldum verkefna miðstöðvunum sem um getur í f-lið.
- f) EFTA-ríkjum er einnig heimilt, innan þess frests sem tilgreindur er í d-lið, að tilgreina þær stofnanir eða samtök sem starfa á landsvæði þeirra og sem sérstaklega væri unnt að fela samstarf við stofnunina um ákveðin málefni sem þykja einkar áhugaverð. Slík stofnun skal vera í þeirri aðstöðu að hún geti samið við stofnunina um að starfa sem verkefna miðstöð innan kerfisins fyrir sértæk verkefni á ákveðnu landsvæði. Miðstöðvarnar skulu hafa samvinnu við aðrar stofnanir innan kerfisins.
- g) Innan þriggja mánaða frá því upplýsingarnar sem um getur í d-, e- og f-lið berast skal stjórn stofnunarinnar endurskoða helstu þætti kerfisins til að taka mið af þátttöku EFTA-ríkjanna.
- h) Stofnuninni er heimilt að komast að samkomulagi við stofnanir eða aðila sem EFTA-ríkin tilnefna og eru hluti af kerfinu, eins og um getur í d-, e- og f-lið, um nauðsynlegar ráðstafanir, einkum samninga, svo þeir geti innt af hendi þau verkefni sem þeim eru falin með góðum árangri.
- i) Heimilt er að gefa út upplýsingar um umhverfismál sem sendar eru stofnuninni eða koma frá henni og skulu þær aðgengilegar almenningi, að því tilskildu að farið sé með trúnaðarmál á jafnvarfærinn hátt í EFTA-ríkjunum og í bandalaginu.
- j) Stofnunin er persóna að lögum. Hún skal njóta fyllsta réttshæfis meðal samningsaðilanna sem persóna að lögum þeirra.
- k) Bókunin um forréttindi og friðhelgi Evrópubandalagsins skal hvað EFTA-ríkin varðar gilda um stofnunina.

(¹) Stjttö. EB nr. L 120, 11.5.1990, bls. 1.

l) Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 12. gr. um skilyrði fyrir ráðningu annarra starfsmanna Evrópubandalagsins er heimilt að ráða ríkisborgara EFTA-ríkja sem njóta fullra borgararéttinda samkvæmt samningi við framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

m) Í krafti 3. mgr. 79. gr. gildir VII. hluti (Ákvæði um stofnanir) samningsins um þessa málsgrein.

(*) Stjttð. EB nr. L 120, 11.5.1990, bls. 1.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. nóvember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. ágúst 1994

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

EES-STOFNANIR

RÁÐGJAFARNEFND EES

Ályktun frá 21. júní 1994 um almenna stefnumótun í efnahagsmálum (Vöxtur, samkeppnishæfni og atvinna)

94/EES/36/03

Formálsorð

Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalagsins og ráðgjafarnefnd EFTA sem eru í forsvari fyrir atvinnurekendur, launafólk og aðra hagfélagslega hópa í hinum 19 aðildarríkjum EB og EFTA samþykktu fyrir einu ári sameiginlega yfirlýsingu um vöxt og atvinna.

Þessari yfirlýsingu var beint til þeirra efnahags- og fjármálaráðherra sem voru viðstaddir sameiginlegan ráðherrafund EB og EFTA í Lúxemborg 19. apríl 1993.

Í yfirlýsingunni láta báðar nefndirnar í ljós það álit sitt að efnahagslegur og félagslegur kostnaður vegna mikils atvinnuleysis væri óviðunandi. Þær töldu að þær ráðstafanir sem gerðar hefðu verið til þessa væru ófullnægjandi og kröfðust tafarlausra aðgerða á sviði hagvaxtar, í ríkisfjármálum og peningamálum, til að auka fjárfestingar og varðandi félagslega Evrópu.

Báðar nefndirnar héldu fast við þá skoðun að meiri og stöðugri hagvöxtur væri meginforsenda fyrir aukinni atvinnu og drægi úr atvinnuleysi og mæltu þær jafnframt með því að styrkja stöðu þeirra aðila vinnumarkaðarins sem væru reiðubúnir til að taka á sig sinn hluta ábyrgðarinnar.

Almenn stefnumótun í efnahagsmálum

1. Inngangur

1.1. Oporto-samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) öðlaðist gildi hinn 1. janúar 1994. Hann kveður á um nána samvinnu milli aðila vinnumarkaðarins og hefur ný ráðgjafarnefnd verið skipuð.

1.2. Atvinnuleysi í Evrópu hefur aldrei verið meira. Það snertir öll lönd Evrópu. Því ber að setja það formlega efst á forgangslista og taka mið af því við almenna stefnumótun í efnahagsmálum eins og kveðið er á um í 103. gr. EB-sáttmálans. Það ætti að leiða til eins víðtækrar samvinnu og unnt er milli EES-ríkjanna,

bæði milli innlendra ríkisstjórna og innan EES-stofnana.

1.3. Allir aðilar á sviði efnahagsmála og aðilar vinnumarkaðarins eru reiðubúnir til að leggja sitt af mörkum, á því sviði sem þeir eru ábyrgir fyrir, til að stuðla að hagvexti, samkeppnishæfni og atvinnu í Evrópu.

2. Staðan í dag

2.1. Margt bendir því miður til að þeir sem lýstu yfir áhyggjum sínum fyrir einu ári hafi haft á réttu að standa. Áætlað er að árið 1993 hafi verg landsframleiðsla lækkað um 0,5% í Evrópusambandinu og um 1,1% í EFTA. 2,4 milljónir starfa hafa tapast, sem er mettala, og eru næstum 20 milljónir manna opinberlega skráðir atvinnulausir í bandalaginu, sem er um það bil 11% vinnuafsl. Atvinnuleysi innan EFTA er 7,7%. Þróun í átt til aukins jöfnunar í lífskjörum fólks hefur einnig stöðvast. Aukning atvinnuleysis er nátengd félagslegri einangrun og fátækt.

2.2. Einnig ber að taka mið af öðrum þáttum: lítilli verðbólgu (3,8% - en hún hefur ekki mælst lægri síðan á 7. áratugnum); launum er stillt í hóf, sem í sumum tilvikum þýðir að raunlaun hafa lækkað; meiri hagnaði af fjárfestingum innan EB, sem er svipaður hagnaður og á árunum 1971-1973 fyrir fyrstu olúkreppuna (um það bil 90% af meðaltali árána 1961-1973); og stöðugri vaxtalækkun.

2.3. En þrátt fyrir þetta eru fremur fáar vísbendingar um efnahagsbata. Áætlanir vegna samanlagðrar aukningar vergrar landsframleiðslu í EB-löndunum fyrir 1994 og 1995 eru annars vegar 1,6% og hins vegar 2,5%. Þessi vaxtarþróun mun ekki koma í veg fyrir að atvinnuleysi aukist enn frekar og mælist árin 1994 og 1995 meira en nokkurn tíma.

2.4. Ráðgjafarnefnd EES vekur athygli á að atvinnumál og hagvöxtur hafi verið eitt meginviðfangsefni leiðtogaráðsins síðastliðið ár. Jákvætt má teljast að ýmsar áætlanir og ráðstafanir hafa verið tilkynntar, m.a. á leiðtogafundi Evrópusambandsins í desember 1993 og á tengdum fundum ráðsins auk þess sem frekari vinna hefur hafist í víðara samhengi sem miðar að því að auka vöxt og skapa ný störf.

2.5. EFTA-ríkin tóku þátt í undirbúningi Hvítbókarinnar og hafa skuldbundið sig til að fylgja aðgerðum eftir og skapa varanlegum, öflugri og meira atvinnuskapandi vexti hagstæð skilyrði.

Efnahagsbati og atvinnusköpun hefur áhrif á öll lönd innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Á sameiginlegum fundi fjármálaráðherra EFTA-ESB í desember 1993 var ákveðið að styrkja tengsl milli ESB- og EFTA-landa og komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að koma á sem víðtækastri samvinnu til að koma evrópskum efnahag í sama horf og áður til að stuðla að atvinnuaukningu. Ráðgjafarnefndin hvetur alla hlutaðeigandi aðila til að fylgja þessu eftir með aðgerðum sem byggjast á þessu samkomulagi.

3. Tillögur að efnahagsstefnu

3.1. Ráðgjafarnefnd EFTA styður þau markmið Hvítbókarinnar að skapa að minnsta kosti 15 milljón ný störf fyrir árið 2000. Taka ber mið af þessu háleita markmiði í stefnumótun í efnahagsmálum, ríkisfjármálum, peningamálum og kerfislægum málefnum, svo og með því að einfalda formsatriði varðandi stofnun og starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

3.2. Svo sem fram kom í umræðum um Hvítbókina á leiðtogafundinum í Brussel þá ná umræddar stefnur langt út fyrir stefnumótun á sviði ríkisfjármála og peningamála. Þær taka bæði til breytilegra ráðstafana (launa- og verðlagsstefna, ríkisfjármálastefna) og kerfislægra ráðstafana (starfsemi markaðanna, hæfni til að koma fram með nýjungar og stefna í samningamálum þar sem ríki, vinnuveitendur og verkalýðsfélög hafa samráð). Í þessu samhengi er rétt að leitast við að taka á þeim vandamálum sem tengjast fjármögnun almennatrygginga, vinnutilhöggun og starfskilyrðum svo og að koma til framkvæmda virkri stefnu í sköpun nýrra starfa. Þessi víðtæka nálgun er nákvæmlega sú sem er nauðsynleg til að ná markmiðum sem miða að vexti, samkeppnishæfni og sköpun nýrra starfa.

3.3. Að teknu tilliti til erfiðleika varðandi fjárlagagerð og verðbólgu, atriði sem vega þungt við ákvarðanatöku, þá leggur ráðgjafarnefndin ríka áherslu á að yfirvöld

innan ESB og stjórnvöld innan aðildarríkja EES verði að fylgja stefnu í efnahagsmálum sem miðar að því að vinna traust fyrirtækja og neytenda og er í samræmi við það frumkvæði sem leiðtogaráðið tók á fundum sínum í Edinborg og Kaupmannahöfn varðandi vöxt og sköpun nýrra starfa.

Afturhvarf til stöðugs hagvaxtar, þenslu í framleiðslugrundvelli efnahagslífsins og aukinnar samkeppnishæfni í evrópsku efnahagslífi er nauðsynlegt til að gera Evrópu kleift að yfirstíga kerfislæga og síendurtekna kreppu sem ógnar efnahagslegu og félagslegu jafnvægi álfunnar.

Traust neytenda og fyrirtækja - sem er mjög mikilvægt til að yfirstíga samdráttinn - er meðal annars að miklu leyti byggt á horfum í atvinnumálum. Þessar horfur hafa aftur gífurleg áhrif á væntingar neytenda og almennt á eftirspurn innanlands.

3.4. Aukin einkafjárfesting er lykillinn að sjálfbærum hagvexti, atvinnu og hærri rauntekjum. Hún krefst umtalsverðs fjármagns á raunvöxtum sem gerir kleift að fjárfesta á arðbæran hátt. Launaþróun, verðbólga og staða fjárlaga fyrir þetta ár hafa skapað rétt skilyrði til áframhaldandi vaxtalækkunar.

3.5. Rétt er að nýta sér svigrúmið sem nú gefst til stefnubreytinga til að ná verðbólgulausri aukningu í heildareftirspurn í evrópsku efnahagslífi með því að samþykkja viðeigandi þjóðhagfræðilegar og peningalegar ráðstafanir, einkum ráðstafanir sem stuðla að núverandi lækkuun raunvaxta.

3.6. Þar sem takmörk eru á eyðslu ríkisstjórna ber að beina athyglinni að því hvernig opinberum fjármunum er varið. Þeim ber að beina markvisst í arðbærari fjárfestingar sem stuðla að efnahagsþróun og atvinnusköpun. Í því skyni að styrkja fjárlagagerð ber að veita hlutfallslega meira fé í fjárfestingar, einkum varðandi innra skipulag og menntamál. Milli Evrópulandanna er svigrúm til samvinnu, einkum á sviði samevrópsks netkerfis.

3.7. Ráðgjafarnefndin mælist til við leiðtogaráðið að það beiti ákveðnum pólitískum þrýstingi til að hraða vinnu við samevrópska netkerfið og styrki opinberar fjárfestingar og einkafjárfestingar þannig að meðaltal fjárfestinga aukist úr 19% af vergri landsframleiðslu í 23%, svo sem kveðið er á um í Hvítbókinni. Nefndin fer fram á að viðeigandi stofnanir innan EES og ríkisstjórnir aðildarríkja ESB og EFTA vinni saman og finni nýjar lausnir í þessu sambandi.

3.8. Eitt af markmiðum ríkisfjármálastefnu ætti að halda áfram að vera að draga smám saman úr halla í opinbera

geiranum. Þetta myndi létta á þrýstingi á vaxta-hækkanir, skapa hagstæð skilyrði til þess að vextir lækki ennþá umtalsvert og auka þannig traust fyrirtækja.

Aukinn vöxtur hefur einnig í för með sér meiri raunverulega efnahagslega nálgun aðildarríkjanna og skapar þannig betri skilyrði til að ná, til meðallangs tíma, markmiðum Efnahags- og peningabandalagsins

Samræming á efnahagsstefnum í Evrópu verður að stuðla að stöðugum fjárfestingarskilyrðum með því að forðast ósamkvæmni sem kynni að hafa í för með sér óstöðugleika á fjármálamarkaðinum.

- 3.9. Alþjóðleg samræming við önnur OECD-lönd, einkum við sjö stærstu iðnríkin (G7), er einnig mjög mikilvæg. Evrópu ber að tala einum rómi. Efnahagsbati í Evrópu mun verða ennþá erfiðari og hægari ef ekki er um að ræða hagstæð alþjóðleg skilyrði.

4. Hlutverk aðila vinnumarkaðarins og atvinnurekenda

- 4.1. Ef þjóðhagfræðilegt umhverfi er hagstæðara og traustara gætu aðilar vinnumarkaðarins gegnt ákveðnara hlutverki í þeirri aðlögun sem þarf að eiga sér stað á vinnumarkaðinum til að auka atvinnuþáttinn í hagvexti.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa hvað eftir annað sýnt að þeir leggja sig fram til að stuðla að auknum og heilbrigðari hagvexti.

- 4.2. Allir atvinnurekendur og aðilar vinnumarkaðarins í ESB og EFTA eru reiðubúnir að taka að sér ný verkefni auk hefðbundinna starfa til að ráðleggja ríkisstjórnnum og stofnunum í Evrópu varðandi hvaða stefnu beri að taka til að stuðla að vexti og atvinnu og að axla með þessu sameiginlega ábyrgð á ýmsum sviðum efnahags- og félagsmála.

- 4.3. Ráðgjafarnefndin styður dyggilega fyrirmyndina að efnahags- og félagsmálum í Evrópu sem lýst er í Hvítbókinni. Þessi fyrirmynd er hluti af sjálfsímynd Evrópu og hana ber að varðveita og styrkja. Eingöngu er unnt að viðhalda henni í heimi þar sem löndin eru í æríkara mæli innbyrðis háð með því að sameina mikla framleiðslugetu, félagslega vernd á háu stigi, sjálfbæra þróun og þátttöku hagfélagslegra hagsmunahópa sem eru reiðubúnir að aðlaga sig til að auka skilvirkni og jöfnuð.

5. Lokaorð

Kerfislægt atvinnuleysi er mikið þjóðfélagsleg vandamál sem varðar alla vegna félagslegra, efnahagslegra og menningarlegra áhrifa sem það hefur, að ótöldum þeim áhrifum sem það hefur á fólk. Stofnanir Evrópu, ríkisstjórnir og allir aðilar vinnumarkaðarins, atvinnurekendur og borgarar verða að leggja sitt af mörkum til að finna lausn á því.

Framtíð þjóðfélags okkar og menning er í húfi. Þetta eru þau skilaboð sem liggja að baki þessari ályktun sem beint er til leiðtoga ráðsins og ráðherra ráðs EFTA.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram

94/EES/36/04

(Mál nr. IV/M.497 - Matra Marconi Space / Satcomms)

1. Framkvæmdastjórninni barst 13.9.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Matra Hachette S.A. („Matra“) og The General Electronic Company plc („GEC“) munu, með fyrirtæki sínu um sameiginlegt verkefni Matra Marconi Space N.V., öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir tilteknum eignum Ferranti International plc, nánar tiltekið Satcomms-deildinni (Ferranti Satcomms).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Matra: flugvélaíðnaður og varnarmál, fjarskipti og upplýsingatækni, bifreiða- og umflutningskerfi, útgáfustarfsemi, útvarpssendingar;
 - GEC: rafeindakerfi og fhlutar, aflkerfi, fjarskipti, neytendavörur, rafeindabúnaður fyrir veðurathuganir, skrifstofubúnaður og prentun, lækningatæki, atvinnutæki;
 - MMS: geimkerfi, að gervihnöttum og meðfylgjandi búnaði til upplýsingasöfnunar og útsendingar meðtöldum, hjálarkerfi fyrir skotpalla og mannaðar geimflaugar, jarðstöðvar og ýmis önnur hjálarkerfi og tæknibúnaður;
 - Ferranti Satcomms: jarðstöðvar fyrir gervihnetti og fhluta í örbúnað/ hjálarkerfi;
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 269, 27.9.1994. Athugasemdir er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.497 Matra Marconi Space / Satcomms, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(¹) Stjtið. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins
nr. 17/62 varðandi mál nr. IV/34.252 - Philips - Osram****94/EES/36/05**

Í máli nr. IV/34.252 - Philips - Osram fyrirhugar framkvæmdastjórnin að taka jákvæða afstöðu gagnvart fyrirtæki um sameiginlegt verkefni samkvæmt 53. gr. EES-samningsins. Hún hefur birt útdrátt úr tilkynningu þar að lútandi í Stjttíð. EB nr. C 267, 24.9.1994 samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾. Málið varðar fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem Philips Lighting Holding BV í Hollandi og Osram GmbH í Þýskalandi hafa myndað til að framleiða og selja ákveðin blýglersrör (og íhluta þeirra) í ljósaperur, flúrlampa og aðra lampa.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að senda athugasemdir sínar, innan eins mánaðar frá því að auglýsingin birtist í Stjttíð. EB, til eftirfarandi heimilisfangs, og tilgreina tilvísun IV/34.252 - Philips - Osram:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate for Restrictive Practices, Abuse of
Dominant Positions and other Distortions of Competition I
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu**94/EES/36/06****(Mál nr. IV/M.445 - BSN/Euralim)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 7.6.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmduist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽²⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Ákvörðun nr. 154 frá 8. febrúar 1994 um fyrirmyndir að
eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins
(EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 301, E 302, E 303)****94/EES/36/07**

Framkvæmdastjórnin hefur birt ákvörðun nr. 154 frá 8. febrúar 1994 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 301, E 302, E 303) í Stjttíð. EB nr. L 244, 19.9.1994, bls. 123. Framkvæmdaráðið um félagslegt öryggi farandlaunþega hefur ákveðið að í stað fyrirmyndanna að eyðublöðum E 301 til E 303, sem voru prentuð í ákvörðun nr. 130, komi fyrirmyndir að eyðublöðum sem fylgja ákvörðun nr. 154. Þessar fyrirmyndir að eyðublöðum verða birtar í heild sinni í EES-viðbætinum við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins eftir að sameiginlega EES-nefndin hefur tekið nauðsynlega ákvörðun þar að lútandi.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 13, 21.12.1962, bls. 204.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 94/EES/36/08 Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til vegna aðstoðar til umhverfismála (orkusparnaður og endurnýjanleg orka) í Brandenburg, ríkisaðstoð nr. N 114/94 - Þýskaland (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 267, 24.9.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Holland lagði til vegna fjárfestinga í umhverfismálum, ríkisaðstoð nr. N 262/94 - Holland (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 267, 24.9.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun um ný störf vegna langvarandi atvinnuleysis í fylkinu Berlín, ríkisaðstoð nr. N 278/94 - Þýskaland (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 267, 24.9.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlun vegna tækni í tengslum við umhverfismál í Hollandi, ríkisaðstoð nr. N 60/94 - Holland (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 267, 24.9.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til vegna aðstoðar til umhverfismála (orkusparnaður og endurnýjanleg orka) í Mecklenburg-Vorpommern, ríkisaðstoð nr. N 152/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 267, 24.9.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki, ríkisaðstoð nr. N 179/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 267, 24.9.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til vegna tilraunaverkefnis í Bæjaralandi varðandi samvinnu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í þriðju löndum, ríkisaðstoð nr. N 243/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 267, 24.9.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til vegna uppbyggingar í ferðamálum í sveitahéruðum, ríkisaðstoð nr. N 242/94 - Þýskaland (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 267, 24.9.1994).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. september 1994 um 94/EES/36/09 ákveðnar verndarráðstafanir varðandi fiskafurðir og tvískelja lindýr sem upprunnin eru eða koma frá Albaníu

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun frá 20. september 1994 um ákveðnar verndarráðstafanir varðandi fiskafurðir og tvískelja lindýr sem upprunnin eru eða koma frá Albaníu í Stjtið. EB nr. 267, 24.9.1994. Með ákvörðuninni, að teknu tilliti til kólerutilfella sem hafa greinst í Albaníu, bannaði framkvæmdastjórnin innflutning á fiskafurðum og tvískelja lindýrum sem upprunnin eru eða koma frá Albaníu. Ákvörðunin gildir til 31. október 1994.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. september 1994 um 94/EES/36/10 að gera ráðstafanir vegna innflutnings á ávöxtum og grænmeti sem upprunnið er eða sent frá Albaníu

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun frá 20. september 1994 um að gera ráðstafanir vegna innflutnings á ávöxtum og grænmeti sem upprunnið er eða sent frá Albaníu í Stjtið. EB nr. 267, 24.9.1994. Framkvæmdastjórnin, að teknu tilliti til kólerutilfella sem hafa greinst í Albaníu, hefur ákveðið að aðildarríkin skuli stöðva tímabundið innflutning á ávöxtum og grænmeti sem upprunnið er eða sent frá Albaníu. Ákvörðunin gildir til 31. október 1994.

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 5.9. til 16.9. 1994 94/EES/36/11

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af stjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu-fjöldi
COM(94) 345	CB-CO-94-358-EN-C ⁽¹⁾	Tillaga að ákvörðun ráðsins um að koma á gagnkvæmum upplýsinga- og gagnaskiptum frá netkerfum og einstökum stöðvum sem mæla umhverfisloftmengun í aðildarríkjunum	7.9.1994	7.9.1994	23
COM(94) 346	CB-CO-94-359-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á viðauka við tilskipun 85/73/EBE um fjármögnun á dýralæknisskoðun og eftirliti með búfjárafurðum sem fjallað er um í A-viðauka við tilskipun 89/662/EBE og tilskipun 90/675/EBE	7.9.1994	7.9.1994	7
COM(94) 300	CB-CO-94-315-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um að vernda réttindi launþega við flutning fyrirtækja, viðskiptastarfsemi eða hluta viðskiptastarfsemi	8.9.1994	8.9.1994	39
COM(94) 359	CB-CO-94-369-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um samræmingu á skilyrðum fyrir því að fá innlend stýrimannsvottorð vegna vöru- og farþegaflutninga á skipgengum vatnaleiðum í bandalaginu	8.9.1994	8.9.1994	18
COM(94) 362	CB-CO-94-378-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um að samþykka niðurstöður ráðstefnu Kjarnorkubandalags Evrópu um kjarnaorkuöryggi	8.9.1994	8.9.1994	26
COM(94) 376	CB-CO-94-397-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að aðildarríki sem veiða á ákveðnum svæðum öðrum en í Norður-Atlantshafinu leggi fram nafnaflatölur	9.9.1994	12.9.1994	6
COM(94) 363	CB-CO-94-379-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um verndun kaupenda varðandi tiltekin atriði í samningum sem varða kaup á réttindum til að nota fasteignir á grundvelli tímaúthlutunar	13.9.1994	13.9.1994	8
COM(94) 163	CB-CO-94-176-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd tilskipunar ráðsins frá 11. desember 1986 um beitingu meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, þar með talið landbúnað, og um vernd sjálfstætt starfandi kvenna á meðgöngu og við barnsburð. (86/613/EBE)	15.9.1994	15.9.1994	47

(¹) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram**94/EES/36/12****(Mál nr. IV/M.504 -Avesta (III))**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20.9.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem British Steel plc öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Avesta Sheffield AB með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - British Steel: stálframleiðsla og dreifing stálvara
 - Avesta Sheffield: framleiðsla og sala á vörum úr ryðfríu stáli
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 271, 29.9.1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.504, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(¹) Stjttíð. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.